



NÁMSKRÁ

SKREF TIL SJÁLFSHJÁLPAR Í LESTRI OG RITUN





Nafn námskrár:

Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun

Námskrá númer 167.

Vinnustundir námsmanns:

40 klukkustundir.

Hverjum ætlað:

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldri en 20 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

Fjöldi eininga:

Allt að 2 framhaldsskólaeiningar.

Útgefandi:

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

2. útgáfa, 2016.

Formáli

Námskráin Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun, önnur útgáfa, er 40 klukkustundir (60 kennslustundir) að lengd eins og fyrsta útgáfa. Innihald og markmið námskrárinnar er í meginatriðum það sama og í fyrstu útgáfu.

Helstu breytingar frá fyrstu útgáfu er að námsþættinum Hlustun hefur verið bætt við og námsþátturinn Tölvutækni er tekinn út. Hæfniviðmið tengd námsþættinum Tölvutækni eru skrifuð inn í aðra námsþætti. Gert er ráð fyrir að fræðsluaðili taki tíma af heildarlengd námskrár í kynningu og mat á námi eins og honum finnst þurfa.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Efnisyfirlit

| | |
|--------------------------------------|----|
| Námskrá | 1 |
| Skipulag | 2 |
| Hæfniviðmið náms | 2 |
| Námsmat | 3 |
| Frjálst val | 3 |
| Námsþættir | 5 |
| Lestur | 6 |
| Stafsetning | 7 |
| Ritun | 8 |
| Hlustun | 9 |
| Sjálfstyrking og tjáning | 10 |
| Viðaukar | 11 |
| Hæfnipættir námsþátta | 12 |
| Færnimappa og / eða verkdagbók | 17 |

Námskrá

Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun lýsir námi á 1. þepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í fimm námsþætti. Námið er ætlað einstaklingum með lestrar- og skriftarörðugleika með það að markmiði að auka færni þeirra í lestri og ritun. Áhersla er lögð á að námsmenn kynnist mismunandi aðferðum við að hjálpa sér sjálfir að bæta sig í lestri og ritun meðan á námskeiði stendur og eftir að því lýkur. Markmið með náminu er annars vegar að námsmenn upplifi öryggi og sjálfstyrk í lestri, stafsetningu, ritun og tjáningu og geti nýtt sér upplýsingatæknina sér til aðstoðar. Hins vegar er markmiðið að auðvelda námsmönnum nám innan menntastofnana og þátttöku í hinu daglega lífi. Námskráin getur hentað til þjálfunar í lestri og ritun á fleiri tungumálum en íslensku, svo sem ensku og dönsku. Námið er 40 klukkustunda langt og mögulegt er að meta það til tveggja eininga á framhaldsskólastigi.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins. Fræðsluaðili tryggir gæði náms og felur starfsfólki á sínum vegum verkstjórn sem felur í sér undirbúning, kynningu, framkvæmd og eftirfylgni námsins. Hann skipuleggur hversu miklum tíma námsins er varið undir leiðsögn leiðbeinenda annars vegar og í sjálfstætt nám hins vegar. Æskilegt er að samþætta námsþætti eftir föngum og að leiðbeinendur hafi í huga alla námsþætti námskrárinnar. Hvort tveggja er, að gagnlegt er að byggja á þeim þáttum sem þegar hefur verið unnið með og svo næst meiri breidd í námið með víðtækri samþættingu. Einhver heimavinna getur fylgt náminu en hún getur verið breytileg eftir námsþáttum og einstaklingum. Námið er byggt á hugmyndum um fjölskynjun þar sem flest skynfæri eru virkjuð. Í náminu er bóklegu og verklegu námsefni fléttað saman og byggt þannig upp að það þyngist stig af stigi. Til þess að árangur náist þarf námsmaðurinn að taka virkan þátt og nota þær aðferðir sem námið byggir á.

Hæfniviðmið náms

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi lestraraðferðum og hvenær þær henta.
- tengslum milli hljóða bókstafa og ritunar þeirra.
- mismunandi framburði bókstafa og orða.
- mismunandi aðferðum ritunar eftir því sem við á hverju sinni.
- mikilvægi tjáningar til að koma hugsunum sínum og skoðunum á framfæri við aðra.
- möguleikum tölvunotkunar við textagerð og til upplýsingaöflunar.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa mismunandi texta, sjálfum sér til gagns og ánægju, með fjölbreyttum lestraraðferðum.
- beita grunnreglum í stafsetningu og málfræði til að stafsetja orð.
- beita virkri hlustun og tjá sig á öruggan hátt.
- nota ritvinnsluforrit og samfélagsmiðla við textagerð og samskipti.
- beita mismunandi aðferðum til að skrifa ýmsar gerðir af textum.

Námsmaður skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja upp skipulegan texta á mismunandi hátt.
- nýta fjölbreyttar aðferðir til að stafsetja orð og rita texta með viðeigandi hjálpartækjum.
- greina efnisinntak orðræðu við lestur.
- hlusta, tjá sig og vinna með öðrum á jákvæðan og skipulegan hátt.

Námsmat

Námsrángur og námsframvinda eru metin með hliðsjón af hæfniviðmiðum námskrár, með fjölbreyttum matsaðferðum. Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna. Æskilegt er að stöðumat fari fram áður en námið hefst, þannig gefst námsmönnum tækifæri til að fylgjast með framförum og fá einstaklingsbundna leiðsögn um framhaldið.

Frjálst val

Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang þess. Breytingar sem nema meira en 10% eru aðeins heimilaðar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.



Námsþættir

| Nafn námsþáttar | Skammstöfun | Klst. | Prep |
|-------------------------------|-------------|-----------|------|
| Lestur | F-TUNG1LE_1 | 11 | 1 |
| Stafsetning | F-TUNG1ST_2 | 10 | 1 |
| Ritun | F-TUNG1RI_3 | 6 | 1 |
| Hlustun | F-TUNG1HL_4 | 10 | 1 |
| Sjálfstyrking og tjáning | F-TJNI1ST_1 | 3 | 1 |
| Vinnuframlag námsmanns | | 40 | |

Lestur

| | |
|---------------------|----------|
| Prep | 1 |
| Vinnustundir | 11 |
| Námsgrein | Tungumál |
| Viðfangsefni | Lestur |

Lýsing

Í þessum námsþætti er beitt samvirkri kennsluaðferð í lestri. Áhersla er lögð á hvort tveggja, einingar innan orða og merkingarbærar heildir. Unnið er með nálgun fjölskynjunar, það er snertingu, hreyfingu, sjón, heyrn og tali til að virkja sem flest skynfæri til náms. Merking orða og þau sem erfitt er að lesa, eru skoðuð sérstaklega, þau krufin til mergjar með fjölskynjunarnálgun og sett í fjölbreytt samhengi. Með þessari þjálfun örvast öll umskráning og lesskilningur og flæði lesturs á tungumálinu verður námsmönnum til gagns og ánægju. Námsþættið þyngist stig af stigi og verður fjölskynjunaraðferðin virkt hjálpartæki fyrir námsmanninn til að kynnast tungumálinu betur.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Bókstöfum, atkvæðum og hljóðum.
- Orðum og uppruna þeirra.
- Framburði og merkingu orða.
- Greinarmerkjum og hvernig tekið skuli mið af þeim við lestur texta.
- Mikilvægi lestrarnákvæmni og hraða.
- Mismunandi lestraraðferðum og hvenær þær henta til að fá; gróft yfirlit, afla bókstaflegra upplýsinga, lesa milli lína og draga ályktanir.
- Möguleikum tölvunotkunar til upplýsingaöflunar.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota viðeigandi aðferð við lestur.
- Lesa öll orð, þar á meðal þau sem eru ókunn og flókin.
- Lesa og skilja mismunandi texta.
- Beita aðferðum sem auka lestrarnákvæmni og leshraða.
- Lesa sjálfum sér til gagns og ánægju mismunandi texta.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nýta sér fjölbreyttar lestraraðferðir.
- Auka og styrkja færni sína og þol til að lesa og skilja mismunandi texta.
- Auka lestrarnákvæmni og leshraða.
- Nýta sér tölvu og talgervil við lestur á því tungumáli sem við á.

Stafsetning

| | |
|---------------------|-------------|
| Prep | 1 |
| Vinnustundir | 10 |
| Námsgrein | Tungumál |
| Viðfangsefni | Stafsetning |

Lýsing

Í þessum námsþætti er lögð áhersla á einingar innan orða og merkingarbærar heildir. Jafnframt er lögð áhersla á að beita nálgun fjölskynjunar með því að virkja sem flest skynfæri til námsins, það er sneringu, hreyfingu, sjón, heyrn og tal. Merking orða og þau orð sem erfitt er að stafsetja eru skoðuð sérstaklega og þau krufin til mergjar. Námsefnið þyngist stig af stigi og verður fjölskynjunaraðferðin virkt hjálpartæki fyrir námsmanninn til að kynnast stafsetningu tungumálsins betur.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Algengustu rithefðum tungumálsins.
- Reglum og samhengi ritaðs máls.
- Tengslum milli hljóða bókstafa og ritunar þeirra.
- Lengd sérhljóða til að átta sig á hvenær á að skrifa einn eða tvo samhljóða.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita aðferðum við að stafsetja orð, meðal annars þau sem eru löng og flókin.
- Nota grunnreglur í stafsetningu og málfræði.
- Nota aðferðir til að muna rithátt orða.
- Læra utanbókar þau orð sem reglur ná ekki til.
- Nota tölvuforrit við stafsetningu.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Beita aðferðum við að stafsetja orð, meðal annars þau sem eru löng og flókin.
- Nota grunnreglur í stafsetningu og málfræði.
- Nota aðferðir til að muna rithátt orða.
- Læra utanbókar þau orð sem reglur ná ekki til.
- Nota tölvuforrit við stafsetningu.

Ritun

| | |
|---------------------|----------|
| Þrep | 1 |
| Vinnustundir | 6 |
| Námsgrein | Tungumál |
| Viðfangsefni | Ritun |

Lýsing

Í námsþættinum er áhersla er lögð á ritun stuttra texta eftir forskrift og frá eigin brjósti. Textarnir eru settir upp á skipulegan hátt með áherslu á notkun leiðréttingar- og yfirlstrarforrita.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mismunandi aðferðum ritunar eftir því sem við á hverju sinni.
- Ólíkum frásagnarmáta eftir tilefnum.
- Hvernig koma á hugsunum sínum á framfæri á skipulegan hátt.
- Möguleikum ýmissa forrita við textagerð og í samskiptum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa texta varðandi daglegar athafnir svo sem tölvupóst og mismunandi orðsendingar.
- Skrifa ýmsar gerðir af textum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Beita mismunandi aðferðum við að koma frásögn á viðeigandi textaform.
- Nota yfirlstrarforrit og orðabækur þar á meðal netorðabækur.
- Nota tölvuforrit til að setja upp skipulegan texta á mismunandi hátt.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nýta þau hjálpartæki sem henta hverju sinni.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.

Hlustun

| | |
|---------------------|----------|
| Prep | 1 |
| Vinnustundir | 3 |
| Námsgrein | Tungumál |
| Viðfangsefni | Hlustun |

Lýsing

Í námsþættinum eru námsmenn þjálfaðir í að beita virkri hlustun til að greina framburð bókstafa og orða til að nýta sér í náminu og hinu daglega lífi. Námssefnið þyngist stig af stigi og verður fjölskyngjunaraðferðin virkt hjálpartæki fyrir námsmanninn til að kynnast tungumálinu betur.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mismunandi framburði bókstafa og orða.
- Mismunandi mállýskum eftir svæðum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota tæknimiðla og forrit til að æfa sig í hlustun.
- Fylgjast með og skilja megininntak þess efnis sem fjallað er um.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Meta mikilvægi og merkingu þess sem fjallað er um hverju sinni.
- Greina megininntak þess efnis sem fjallað er um.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.

Sjálfstyrking og tjáning

| | |
|---------------------|--------------------------|
| Prep | 1 |
| Vinnustundir | 3 |
| Námsgrein | Tjáning |
| Viðfangsefni | Sjálfstyrking og tjáning |

Lýsing

Í námsþættinum eru námsmenn þjálfaðir í að tjá sig og segja frá skoðunum sínum á óþvingaðan og afslappaðan hátt. Í náminu er því lögð áhersla á virðingu, umburðarlyndi, trúnað og traust milli námsmanna.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi tjáningar til að koma hugsunum sínum og skoðunum á framfæri við aðra.
- Mikilvægi þess að beita virkri hlustun.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Sýna samstöðu og traust í tengslum við verkefni hverju sinni.
- Beita mismunandi tjáningu.
- Beita virkri hlustun.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna traust, umburðarlyndi, samvinnuvilja og jákvæðni.
- Tjá sig á jákvæðan og skipulegan hátt fyrir framan aðra.
- Hlusta á aðra á virkan hátt og með virðingu.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.

Viðaukar

| |
|--------------------------------|
| Viðaukar |
| Hæfnipættir námsþátta |
| Færnimappa og / eða verkdagbók |

Hæfnipættir námsþátta

| Lestur – þrep 1 | | | | |
|--|---|---|---|---|
| | 1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni. | | | |
| Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Bókstöfum, atkvæðum og hljóðum. | | | | |
| Orðum og uppruna þeirra. | | | | |
| Framburði og merkingu orða. | | | | |
| Greinarmerkjum og hvernig tekið skuli mið af þeim við lestur texta. | | | | |
| Mikilvægi lestrarnákvæmni og hraða. | | | | |
| Mismunandi lestraraðferðum og hvenær þær henta til að fá; gróft yfirlit, afla bókstaflegra upplýsinga, lesa milli lína og draga ályktanir. | | | | |
| Möguleikum tölvunotkunar til upplýsingaöflunar. | | | | |
| Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Nota viðeigandi aðferð við lestur. | | | | |
| Lesi öll orð, þar á meðal þau sem eru ókunn og flókin. | | | | |
| Lesi og skilji mismunandi texta. | | | | |
| Beita aðferðum sem auka lestrarnákvæmni og leshraða. | | | | |
| Lesi sjálfum sér til gagns og ánægju mismunandi texta. | | | | |
| Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Nýta sér fjölbreyttar lestraraðferðir. | | | | |
| Auka og styrkja færni sína og þol til að lesa og skilja mismunandi texta. | | | | |
| Auka lestrarnákvæmni og leshraða. | | | | |
| Nýta sér tölvu og talgervil við lestur á því tungumáli sem við á. | | | | |

| Dagsetning | Staður | Undirskrift leiðbeinanda |
|------------|--------|--------------------------|
| | | |

| Stafsetning – þrep 1 | | | | |
|--|---|---|---|---|
| | 1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni. | | | |
| Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Algengustu rithefðum tungumálsins. | | | | |
| Reglum og samhengi ritaðs máls. | | | | |
| Tengslum milli hljóða bókstafa og ritunar þeirra. | | | | |
| Lengd sérhljóða til að átta sig á hvenær á að skrifa einn eða tvo samhljóða. | | | | |
| Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Beita aðferðum við að stafsetja orð, meðal annars þau sem eru löng og flókin. | | | | |
| Nota grunnreglur í stafsetningu og málfræði. | | | | |
| Nota aðferðir til að muna rithátt orða. | | | | |
| Læra utanbókar þau orð sem reglur ná ekki til. | | | | |
| Nota tölvuforrit við stafsetningu. | | | | |
| Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Beita aðferðum við að stafsetja orð, meðal annars þau sem eru löng og flókin. | | | | |
| Nota grunnreglur í stafsetningu og málfræði. | | | | |
| Nota aðferðir til að muna rithátt orða. | | | | |
| Læra utanbókar þau orð sem reglur ná ekki til. | | | | |
| Nota tölvuforrit við stafsetningu. | | | | |

| Dagsetning | Staður | Undirskrift leiðbeinanda |
|------------|--------|--------------------------|
| | | |

| Ritun – þrep 1 | | | | |
|--|---|---|---|---|
| | 1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni. | | | |
| Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Mismunandi aðferðum ritunar eftir því sem við á hverju sinni. | | | | |
| Ólíkum frásagnarmáta eftir tilefnum. | | | | |
| Hvernig koma á hugsunum sínum á framfæri á skipulegan hátt. | | | | |
| Möguleikum ýmissa forrita við textagerð og í samskiptum. | | | | |
| Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Skrifa texta varðandi daglegar athafnir svo sem tölvupóst og mismunandi orðsendingar. | | | | |
| Skrifa ýmsar gerðir af textum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. | | | | |
| Beita mismunandi aðferðum við að koma frásögn á viðeigandi textaform. | | | | |
| Nota yfirlestrarforrit og orðabækur þar á meðal netorðabækur. | | | | |
| Nota tölvuforrit til að setja upp skipulegan texta á mismunandi hátt. | | | | |
| Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Nýta þau hjálpartæki sem henta hverju sinni. | | | | |

| Dagsetning | Staður | Undirskrift leiðbeinanda |
|------------|--------|--------------------------|
| | | |

| Hlustun – þrep 1 | | | | |
|--|---|---|---|---|
| | 1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni. | | | |
| Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Mismunandi framburði bókstafa og orða. | | | | |
| Mismunandi mállýskum eftir svæðum. | | | | |
| Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Nota tæknimiðla og forrit til að æfa sig í hlustun. | | | | |
| Fylgjast með og skilja megininntak þess efnis sem fjallað er um. | | | | |
| Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Meta mikilvægi og merkingu þess sem fjallað er um hverju sinni. | | | | |
| Greina megininntak þess efnis sem fjallað er um. | | | | |

| Dagsetning | Staður | Undirskrift leiðbeinanda |
|------------|--------|--------------------------|
| | | |

| Sjálfsstyrking og tjáning – þrep 1 | | | | |
|--|---|---|---|---|
| | 1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni. | | | |
| Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Mikilvægi tjáningar til að koma hugsunum sínum og skoðunum á framfæri við aðra. | | | | |
| Mikilvægi þess að beita virkri hlustun. | | | | |
| Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Sýna samstöðu og traust í tengslum við verkefni hverju sinni. | | | | |
| Beita mismunandi tjáningu. | | | | |
| Beita virkri hlustun. | | | | |
| Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Sýna traust, umburðarlyndi, samvinnuvilja og jákvæðni. | | | | |
| Hlusta á aðra á virkan hátt og með virðingu. | | | | |
| Tjá sig á jákvæðan og skipulegan hátt fyrir framan aðra. | | | | |

| Dagsetning | Staður | Undirskrift leiðbeinanda |
|------------|--------|--------------------------|
| | | |

Færnimappa og / eða verkdagbók

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni að þær upplýsingar sem skráðar hafa verið séu réttar. Ef til vill getur þú fengið yfirmann þinn eða annan umsagnaraðila til að lesa yfir færnimöppuna þína eða verkdagbókina, veita þér endurgjöf og staðfesta upplýsingarnar.

| Dagsetning | Staður | Undirskrift þátttakanda |
|------------|--------|-------------------------|
| | | |

| Dagsetning | Staður | Undirskrift umsagnaraðila |
|------------|--------|---------------------------|
| | | |



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI